

Fimmtudaginn 25. janúar 1996.

Nr. 323/1994.

Ríkharður Sveinsson

(Ólafur Garðarsson hrl.)

gegn

Reykjavíkurborg og

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Umferðarslys. Skaðabætur. Vegir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Björn P. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. júlí 1994. Hann krefst þess aðallega, að stefndu verði sameiginlega gert að greiða sér 431.639 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. ágúst 1993 til greiðsludags, en til vara krefst hann greiðslu lægri fjárhæðar. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hefur hvorki fyrir héraðsdómi né Hæstarétti hreyft athugasemd við því, að áfrýjandi beini kröfum að sér ásamt Reykjavíkurborg, þótt hann reisi þær, hvað félagið varðar, á frjálsri ábyrgðartryggingu borgarinnar hjá því. Með þessari athugasemd verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með vísan til forsendna hans.

Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ríkharður Sveinsson, greiði stefndu, Reykjavíkurborg og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., hvorum um sig, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. maí 1994.**I.**

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., var höfðað með framlagningu málsskjala við þingfestingu málsins 13. janúar 1994.

Stefnandi er Ríkharður Sveinsson, kt. 211266-4979, Álftamýri 18, Reykjavík.

Stefndu eru borgarsjóður Reykjavíkur og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum gert að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 431.639 kr., með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum á ári frá 1. ágúst 1993, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins. Þar sem stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur aðili, er þess krafist, að dæmdur verði virðisaukaskattur á málskostnað.

Varakrafa stefnanda er sú, að stefndu verði dæmdir til að greiða aðra fjárhæð lægri að mati réttarins auk málskostnaðar.

Þess er krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1994 og síðan árlega þann dag.

Af hálfu stefndu er aðallega krafist sýknu af kröfum stefnanda og að stefndu verði tildæmdur málskostnaður [...].

Til vara er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til greiðslu lægri fjárhæðar en stefnandi krefst í aðalsókn og málskostnaður verði látinn falla niður.

II.

Málsatvik eru þau, að miðvikudaginn 9. júní 1993 var stefnandi á ferð á hjóli sínu suður Ármúla og hjólaði inn á Háaleitisbraut á móti grænu umferðarljósi. Þegar stefnandi var kominn yfir aðra akrein Háaleitisbrautar, lenti hann á fimm sentímetra kanti í malbikinu, sem myndast hafði vegna svokallaðrar „fræsingar“, þ. e., þegar gamalt malbik er „fræst“ niður, áður en malbikað er að nýju. Við höggið sporðreistist hjólið, og féll stefnandi í götuna, og fór framhjól reiðhjólsins af gafflinum við höggið. Stefnandi slasaðist í andliti og var fluttur í sjúkrabifreið á slysadeild Borgarspítalans. Meiðsl hans voru þau, að hann fékk skrámur á hægri kinn, höku og skurð á nef. Einnig var sár á efri vör og gat í gegnum vörina. Þá var hægri framtönn brotin upp að rótum og tönn við hliðina sprungin. Alls þurfti að sauma ellefu spor í andlit stefnanda.

Af hálfu stefnanda er skírskotað til þess, að þjáningar hans vegna slyssins hafi verið talsverðar, og hafi hann verið frá vinnu rúmar tvær vikur, en merki slyssins hafi hann borið í andliti mun lengur. Þá hafi hann enn eymsli

í vör og nefi. Kostnaður vegna tannlæknaþjónustu, læknisvottorða og ferða á slysadeild nemi 131.639 krónum. Að auki krefst stefnandi 300.000 króna í miskabætur.

Stefnandi reisir bótakröfu sína á því, að tjónið megi rekja til handvamm-ar og vanrækslu stefnda Reykjavíkurborgar, sem beri að haga verki sínu og eftirliti með því þannig, að vegfarendum stafi ekki hættu af. Þetta hafi ekki verið gert. Þannig segi í lögregluskýrslu, sem tekin var á vettvangi, að það hafi vakið athygli lögregluþjóna, að engin viðvörunarmerki um fræsinga-framkvæmdir hafi verið á vettvangi, hvorki á Ármúla né á Háaleitisbraut. Ekki hafi lögregluþjónar heldur getað séð neina viðvörun við kantbríkina. Því hafi stefnandi ekki á nokkurn hátt verið bent á, að hann þyrfti að fara varlega eða haga hjólreiðum sínum á annan hátt en vanalega. Stefnandi verði ekki á nokkurn hátt kennt um slysið. Hann hafi hjólað eftir fjölfarinni götu yfir gatnamót á grænu ljósi, þegar hann hafi hjólað á kantinn. Stefnandi hafi verið á vönduðu reiðhjóli af gerð Peugeot, sem sé viðurkennd tegund. Nánast sé óhugsandi að gjörð úr gaffli reiðhjóls losni nema við högg.

Krafa stefnandi um skaðabætur styðjist við almennu skaðabótaregluna, einkum sakarregluna, og ákvæði XII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987, einkum 86. grein, þar sem skylda sé lögð á herðar þeim, er stjórnar verki, svo sem vegavinnu, að merkja staðinn á fullnægjandi hátt.

Stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. ábyrgðartryggði stefnda Reykjavíkurborg vegna atvika sem þessa og beri því að bæta stefnanda tjónið. Krafa um, að stefndu beri óskipta ábyrgð á greiðslu stefnukröfunnar sé reist á almennum reglum kröfuréttar um óskipta ábyrgð.

Krafa um miskabætur byggist á 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að ekki hafi verið sýnt fram á neina sök hjá stefnda borgarsjóði Reykjavíkur, og eigi stefnandi alla sök á tjóni sínu, annaðhvort með óaðgæslu og/eða að hjól hans hafi verið þannig úr garði gert, að það hafi ekki verið hæft til umferðar á götum Reykjavíkurborgar. Því sé haldið fram, að stefnandi hafi mátt búast við ójöfnum á akbrautinni og fjögurra til sex sentímetra ójafna eigi ekki að vera nein hindrun. Ekki sé ástæða til þess að merkja kanta sem slíka, enda eigi þeir alls ekki að geta valdið neinum skaða. Þá er því einnig fram haldið, að orsök slyssins hafi verið sú, að framhjól reiðhjólsins hafi dottið af vegna þess fljótlosunarbúnaðar, sem á hjólinu var, en hér sé um mjög sérhæfðan búnað að ræða, og sé það því stefnanda að sanna, að gengið hafi verið frá búnaðinum á tryggilegan hátt, þ. e. a. s., að spennan hafi verið rétt spenn.

Varakrafa um lækun bóta er á því reist, að stefnandi beri að bera hluta tjónsins sjálfur, og þá sé miskabótakrafa stefnanda alveg úr hófi.

Niðurstaða.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Hann upplýsti þar, að hann væri alvanur reiðhjóli, og kvað hjól sitt hafa verið í fullkomnu lagi umrætt sinn. Hann lýsti aðdraganda slyssins svo, að hann hefði hjólað Ármúla í suður á 20–25 km hraða á klst. Hann hafi haft hugann við umferðarljósinn og umferð, sem skar leið hans. Hafi hann ekki vitað fyrir til en framhjólíð lenti á kantinum, og við það hafi hjólíð sporðreist. Hann upplýsti, að ekki hefði sprungið á hjólinu við höggið og gjörð ekki laskast.

Í 86. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 segir, að merkja skuli á fullnægjandi hátt, þar sem vegavinna fari fram eða vegi sé raskað af öðrum ástæðum, svo að hætta stafi af. Óumdeilt er, að brún sú, sem stefnandi hjólaði á, var ekki merkt sérstaklega.

Á myndum, sem teknar voru á vettvangi, sést, að búið var að fræsa aðra akstursstefnu Ármúla á umræddum gatnamótum, þ. e. þá akrein, er stefnandi hjólaði, er hann kom að gatnamótunum, og var yfirborð vegarins þar mjög hrjúft. Var stefnanda því ljóst, að veginum hafði verið raskað með því að fræsa niður hluta hans á þessu svæði. Þegar slysið varð, var veður gott, þurrt og bjart. Gat brún sú, sem myndast við fræslu malbiksins og augljóslega kemur fram á myndum, ekki dulist honum, ef hann hefði sýnt þá almennu varkárni, sem krafist er af vegfarendum.

Brún, sem er fimm sentímetra há, á ekki undir venjulegum kringumstæðum að valda hjólreiðamönnum vandræðum, þar sem auðveldlega má hjóla upp á hana með þeim aðferðum, sem hjólreiðamenn nota til að komast leiðar sinnar við slíkar aðstæður. Nær óhugsandi má telja, að hjól stefnanda hafi sporðreist og gjörðin dottið af við það að lenda á brúninni, ef hann hefði hjólað beint á hana, svo sem ætla má af framburði hans.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið lýst, verða orsakir slyssins raktar til þess, að stefnandi hafi ekki sýnt af sér næga aðgæslu umrætt sinn. Þykir hann verða að bera alla sök á tjóni sínu sjálfur. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, borgarsjóður Reykjavíkur og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., skulu vera sýknir af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.